

**HEILBRIGÐISNEFND  
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
198. fundur – 19. febrúar 2015**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 19. febrúar 2015. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð. Gnýr Guðmundsson boðaði forföll og í hans stað mætti Bryndís Skúladóttir. Fundargerð 197. fundar heilbrigðisnefndar frá 2. febrúar 2015 lögð fram.

**1 Fundargerð 174. starfsmannafundar frá 17. febrúar 2015**

**1.1 Starfsleyfi**

**Garðabær**

1.1.1. Lyngás 17, Garðabæ – veitingastofa

Lögð fram umsókn Mána Cong Van Jóseppsonar f.h. MK veitinga ehf. kt. 620115-0880, dags.2.02.2015, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastofu að Lyngási 17, Garðabæ. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinn úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.2. Strikið 3, Garðabær- sjúkrahjálfun

Lögð fram umsókn Sólveigar Þráinsdóttur f.h. Garðabæjar kt. 570169-6109 vegna sjúkrahjálfunar í hjúkrunarheimilinu Ísafold Strikinu 3 í Garðabæ. Viðbót við starfsleyfi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt viðbótar við starfsleyfi hjúkrunarheimilisins.

**Hafnarfjörður**

1.1.3. Grandatröð 10, Hafnarfjörður – fiskverkun

Lögð fram umsókn Kára H. Sölmundarsonar, f.h. Grotta ehf. ehf., kt. 570714-2280, dags. 19.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskverkunar að Grandatröð 10, Hafnarfirði. Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.4. Hverfisgata 4B, Hafnarfjörður – heimagisting

Lögð fram umsókn Guðjóns S. Garðarssonar, kt. 010556-2529, dags. 09.02.2015, þar sem sótt er um leyfi fyrir heimagistingu að Hverfisgötu 4B, Hafnarfirði. Einbýlishús. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.5. Strandgata 75, Hafnarfjörður – kaffihús

Lögð fram umsókn David Anthony Noble f.h. Litli bóndabærinn ehf., kt. 490910-1660, dags. 30.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss að Strandgötu 75, Hafnarfirði.

Ný starfsemi

Frestað þar sem þar sem beðið er upplýsinga frá umsækjanda

1.1.6. Suðurvangur 3, Hafnarfjörður – heimagisting

Lögð fram umsókn Helenu Rósar Sigmarsdóttur kt. 261172-5859, dags. 16.02.2015, þar sem sótt er um leyfi fyrir heimagistingu að Suðurvangi 3, Hafnarfirði. Einbýlishús. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinn úttekt heilbrigðisfulltrúa.

**Kópavogur**

1.1.7. Álfhólsvegur 27, Kópavogur – heimagisting

Lögð fram umsókn Heiðu Seinssonar, kt. 310180-4169, dags. 19. febrúar 2015, þar sem sótt er um leyfi fyrir heimagistingu að Álfrólsvægi 27, Kópavogi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.8. Akralind 3, Kópavogur – vörugeymsla og dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Einars Ólafssonar, f.h. Medico ehf., kt. 550385-0239, dags. 10.12.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir afgreiðslu og dreifingu matvæla að Bæjarlind 2, Kópavogi.

Húshluti: 224-2235, 224-2236. Endurnýjun

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.9. Hamraborg 11, Kópavogur – gistiheimili

Lögð fram umsókn Arnþórs Þórðarsonar, f.h. Sólkötlu ehf., kt. 440214-1260, dags. 17.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis að Hamraborg 11, Kópavogi.

Húshluti: 01 0201, 01 0301. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.10. Kópavogsbraut 1c, Kópavogur – fótaaðgerðarstofa

Lögð fram umsókn Esterar Óskar Aðalsteinsdóttur kt. 290887-2839, dags. 9.02.2015, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Kópavogsbraut 1a, Kópavogi.

Húshluti: 05 0101. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.11. Víkurhvarf 4, Kópavogur – bónstöð

Lögð fram umsókn Mohamed Suleiman f.h. Car care ehf., kt. 630115-2560, dags. 16.02.2015, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Víkurhvarfi 4, Kópavogi. Húshluti: 01 0106. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## 1.2. Umsagnir

### Garðabær

1.2.1. Lyngás 17, Garðabær – veitingastaður, rekstarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.02.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn MK veitinga ehf., kt. 620115-0880 um rekstrarleyfi fyrir veitingahús samkvæmt flokki I að Lyngási 17, Garðabæ.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 19.02.2015 starfsleyfi fyrir veitingahús skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir veitingastofu.”

### Hafnarfjörður

1.2.2. Smárahvammur 1, Hafnarfjörður – heimagisting, rekstarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 2.02.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigrúnar Rohleder, kt. 240271-2149, um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu samkvæmt flokki I að Smárahvammi 1, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 2.02.2015 starfsleyfi fyrir heimagistingu skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir heimagistingu.”

1.2.3. Strandgata 50, Hafnarfjörður – samkomuhús, rekstarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.02.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Gaflaraleikhúsins ehf., kt. 690910-0390, um rekstrarleyfi fyrir leikhús samkvæmt flokki II að Suðurgötu 50, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 25.10.2010 starfsleyfi fyrir samkomuhús skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemiinni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir samkomuhús.”

#### 1.2.4. Staðarberg 2-4, Hafnarfjörður – veitingastofa, rekstarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 9.02.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Snælands ehf., kt. 681294-2879, um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki I að Bæjarlind 2, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 15.02.2007 starfsleyfi fyrir veitingastofu skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemiinni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir veitingastofu.”

#### 1.2.5. Suðurvangur 3, Hafnarfjörður, heimagisting, rekstarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.02.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Helenu Rósar Sigmarsdóttur, kt. 261172-5859, um rekstrarleyfi fyrir heimagisting samkvæmt flokki I að Suðurvangi 3, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 19.02.2015 starfsleyfi fyrir heimagistingu skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemiinni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir heimagistingu.”

#### 1.2.6. Reykjavíkuvegur 72, Hafnarfjörður – veitingstofa, rekstarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 9.02.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Snælands ehf., kt. 681294-2879, um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki I að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 22.10.2007 starfsleyfi fyrir veitingastofu skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemiinni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir veitingastofu.”

### **Kópavogur**

#### 1.2.7. Álfrólsvegur 27, Kópavogur, heimagisting, rekstarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.02.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Heiðu Steinsson, kt. 310180-4169, um rekstrarleyfi fyrir heimagisting samkvæmt flokki I að Álfrólsvegi 27, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„ Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 19.02.2015 starfsleyfi fyrir heimagistingu skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemiinni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir heimagistingu.“

#### 1.2.8. Bæjarlind 6, Kópavogur – veitingahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.02.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Borgarholtsskóla, kt. 700196-2169, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir skemmtun að Bæjarlind 6, Kópavogi þann 19.02.2015 frá kl. 19.00 – 01.00. Jákvæð umsögn staðfest.

#### 1.2.9. Hagasmári 1, Kópavogur – veitingahús, rekstarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.02.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fen 2010 ehf. 701214 0130 um rekstarleyfi fyrir veitingastað að Hagasmára 1 Kópavogi. Afgreiðslu frestað þar sem starfsleyfi liggur ekki fyrir.

#### 1.2.10. Núpallind 1, Kópavogur – veitingastofa, rekstarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 6.02.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Topp 10 ehf., kt. 450100-3230, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki I að Núpallind 1, Kópavogi

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 29.05.2000 starfsleyfi fyrir veitingastofu skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir veitingastofu.”

### **1.3. Tóbaksleyfi**

1.3.1. Staðarberg 2-4, Hafnarfirði – verslun

Lögð fram umsókn Snælands ehf, kt. 681294-2879, dags.3.02.2015, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í verslun að Núpaland 1, Kópavogi.

Leyfisveiting samþykkt.

1.3.2. Búðarkór 1, Kópavogur

Lögð fram umsókn Samkaupa hf. kt. 571298-3769, dags. 18.2.2015, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í verslun að Búðarkór 1, Kópavogi.

Leyfisveiting samþykkt.

## **2. Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu**

2.1. Svæðisskipulag um vatnsvernd

Lögð fram greinargerð unnin af verkfræðistofunni Vatnaskil, dags.13. febrúar 2015, um heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu sem unnin er fyrir stýrihóp um skipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu ásamt tillögu að vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Tillaga að svæðisskipulagi hefur verið auglýst til kynningar sbr. lið 7.2. í fundargerð heilbrigðisnefndar þann 29. september 2014.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn um tillögu stýrihóps um skipulag vatnsverndar.“

2.2. Heilbrigðissamþykkt um vatnsverndarsvæði

Lögð fram að nýju tillaga að heilbrigðissamþykkt fyrir vatnsverndarsvæðin

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd samþykkir að senda fyrirliggjandi gögn til stýrihóps um heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu með jákvæðri umsögn.“

## **3. Matvælavinnsla á þynningarsvæði**

3.1. Steinhella 17, Hafnarfirði, fyrirspurn

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Jónasar Stefánssonar frá 9. febrúar 2015 þar sem óskað er svara rekstrarumhverfi að Steinhellu 17 á Hellnahrauni í Hafnarfirði ásamt svari heilbrigðiseftirlits.

3.2. Steinhella 17, Hafnarfirði, beiðni um umsögn

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Hafnarfjarðarbæjar frá 12. febrúar 2015 þar sem óskað er umsagnar um spurningar Jónasar Stefánssonar ásamt svari heilbrigðiseftirlits.

## **4. Ársskýrsla vegna 2014**

Drög að ársskýrslu 2014. Framhald umræðu frá fundi þann 2. febrúar 2015

4.1. Loftgæðavöktun

Með breytingum á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem staðfestar voru í lok árs 2013 ber heilbrigðisnefndir sveitarfélaga að afla upplýsinga, meta loftgæði, setja upp og reka mælistöðvar eftir því sem þörf er á, og tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengilegar almenningi. Í dag eru í rekstri tvær loftgæðamælistöðvar sem nýtast í þessum tilgangi. Færanleg loftgæðamælistöð var í Lækjarbotnum fram í maímánuð en hefur verið staðsett við Dalsmára í Kópavogi frá þeim tíma og mælingar hófust í lok árs 2013 að Norðurhelli 2, í Hafnarfirði. Einnig er mælistöð á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði, þar sem fara fram mælingar á vegum Umhverfisstofnunar og Rio Tinto Alcan. Þar mældur styrkur brennisteinsvetnis, brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíða og svifryks í andrúmslofti. Rauntímamælingar eru birtar á vef heilbrigðiseftirlitsins Einnig er styrkur flúors í andrúmslofti mældur í vöktunarstöðinni á Hvaleyrarholti en tækni er ekki til að birta rauntímamælingar. Loftgæðamælingar í Lækjarbotnum

4.1.1. Loftgæðamælingar í Lækjarbotnum

Áhyggjur hafa verið af styrk brennisteinsvetnis á svæðinu í Lækjarbotnum. Mælistöð var því höfð þar til vöktunar loftgæða frá haustinu 2012. Þann 5. mars 2014 kom út skýrslan; „Loftgæða-vöktun Lækjarbotnar í Kópavogi, tímabilið 19. september 2012 til 29. janúar 2014“. Styrkurinn er ávallt hæstur við tiltekin veðurskilyrði sem helst myndast að vetri til. Á tímabilinu janúar til maí fór styrkur brennisteinsvetnis ellefu sinnum yfir  $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$  í 3 klst. eða lengur í senn. Orkuveita Reykjavíkur lýsti því yfir s.l. haust að fyrirtækið myndi setja upp mælistöð á svæðinu og tengja hana við vöktunarkerfi Hellisheiðavirkjunar. Að sögn fyrirtækisins var kveikt á tækjunum fyrir nokkru en stöðin hefur enn ekki verið tengd inn á heimasíður Umhverfisstofnunar og fl. aðila eins og til stóð.

#### 4.1.2. Loftgæðamælingar við Dalsmára í Kópavogi

Mælingar hófust við Dalsmára þann 28. maí 2014. Mælingar fara fram á styrk brennisteinsvetnis, brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíðum og svifryki í andrúmslofti og eru rauntímamælingar birtar á vef heilbrigðiseftirlitsins. Á undanförunum árum stöðin verið færð á milli staða og að jafnaði verið inni í íbúðahverfum. Í Dalssmára er stöðin nær meiri umferðar götu en oftast áður og gætir þess í mælingum. Það sést bæði í dægursveiflum í mælingum á köfnunarefni ( $\text{NO}_x$ ) og í mælingum á ryki. Styrkur þess hefur í níu skipti farið yfir  $20 \mu\text{g}/\text{m}^3$  yfir sólarhring frá byrjun júní sl. sem kallar á frekari skoðun. Hæsta 10 mínútagildið fór í  $300 \mu\text{g}/\text{m}^3$  en það á miðnætti á gamlárskvöld.

Áhrifa eldgossins í Holuhrauni hefur gætt á höfuðborgarsvæðinu, einkum haustið 2014. Styrkur brennisteinsdíoxíð mengunin fór hæst dagana 16. október ( $1560 \mu\text{g}/\text{m}^3$ ), 30. október ( $1342 \mu\text{g}/\text{m}^3$ ), 4. nóvember ( $1489 \mu\text{g}/\text{m}^3$ ) og 9. nóvember ( $772 \mu\text{g}/\text{m}^3$ ). Í ljós kom að staðsetning mælistöðvarinnar við Dalssmára var góð. Upplýsingar á heimasíðu eru þar mjög aðgengilegar og lýsandi fyrir stórt svæði. Fjöldi fólks s.s. stjórnendur leik- og grunnskóla, fólk með öndunarörðuleika og almeningur fór reglulega inn á vefinn og til að afla sér upplýsinga.

#### 4.1.3. Loftgæðamælingar við Noðurhelli í Hafnarfirði

Mælingarnar hafa staðið yfir frá haustinu 2013. Þær byggjast á ryksöfnun og fara sýnishornin síðan til frekari mælinga á rannsóknarstofur. Um rauntíma upplýsingar er því ekki að ræða heldur eru mæliniðurstöður birtar eftir tímabilum. Mælingar sýna að loftborin mengunarefni eru ekki að berast í neinum mæli frá þynningarsvæðinu og yfir á athafnasvæðið í Noðurhelli. Von er á ítarlegri skýrslu sérfræðinga þar sem heilsárs vöktun á ryki og þungmálum er greind.

#### 4.2. Yfirborðsvatn - Vöktun vegna útivistar og verndar náttúrulegra gæða

Umhverfi lækja og vatna hefur útivistargildi og því mikilvægt að grípa til aðgerða ef náttúrulegt ástand er að breytast til verri vegar. Jafnframt er nokkur hættu á að lækir og ár sem renna um þéttbýli mengist og sama gildir um vötn og tjarnir í og við byggð. Mengandi efni geta borist í yfirborðsvatn en ekki er síður hættu á mengun vegna laskaðra fráveitna eða rangtenginga. Í verstu tilvikum er slík mengun sýnileg og til ama en í öðrum tilvikum er hún ill sjáanleg en getur verið skaðleg.

##### 4.2.1. Hafnarfjörður

Ástand yfirborðsvatns telst nokkuð gott í Hafnarfirði. Það á við Ástjörn en þó berst skolpmengað vatn í yfirborðsvatnsleiðslu sem endar í settjörn við enda Ástjörn. Einnig koma púlsar af skolpmenguðu vatni út í Lækinn neðan Strandgötu.

##### 4.2.2. Garðabær

Áhaldahús Garðabæjar hefur síðustu misseri leitað skipulega að rangtengingum í fráveitukerfi bæjarins. Margar rangtengingar hafa fundist og ástandið hefur batnað, sérstaklega í Arnarneslæknum. Mengun í Hraunholtslæk hefur undanfarin ár verið minni en í Arnarneslæk og er svo enn þó ástand hans teljist heldur ekki fullnægjandi. Vífilstaðavatn og Urriðavatn eru sem fyrr laus við skolpmengun.

##### 4.2.3. Kópavogur

Nokkur mengun mælist í yfirborðsvatni, þrátt fyrir skipulagða leit og mikla vinnu við að finna rangtegingar í fráveitukerfinu. Enn finnst mengun neðst í Fossvogslæknum. Nokkuð hefur borið á gerlamengun efst í Kópavogslæknum frá Breiðholtshverfinu og hefur Orkuveita Reykjavíkur ásamt heilbrigðisfulltrúa leitað rangtenginga og fundið nokkrar. Standa vonir til þess að mengun þaðan fari minnkandi. Mengun frá efri byggðum Kópavogs (Lindar- og Salahverfi og Smárahverfi) sveiflast talsvert og er frá því að vera nánast engin og til mikillar mengunar. Lómakotslækur sem rennir út í Elliðaár frá Smiðjuhverfinu er mjög gerlamengaður og er brýnt að tekið verði skipulega á þeim vanda. Einnig er viðloðandi vandi vegna gerlamengaðs yfirborðsvatns sem fer með einni drenlögnum út í

Elliðavatni frá Kópavogi. Þrátt fyrir mikla leit hefur ekki tekist að leysa það mál þó ástandið hafi batnað verulega.

Mat heilbrigðisnefndar er að ástand er enn víða óviðunandi og halda verið áfram verkefnum við að finna og lagfæra rangtengingar. Niðurstöður mælinga gefa ekki ástæðu til að draga úr skipulegri vöktun.

#### 4.3. Sjór og strendur

Strendur og umhverfi þeirra hafa útivistargildi og því mikilvægt að grípa til aðgerða ef náttúrulegt ástand er að breytast til verri vegar. Umhverfisvöktun með strandsjó hefur það einnig að markmiði að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum skolps. Skolpi frá Garðabæ og Kópavogi er veitt inn í skolpkerfi Reykjavíkur. Hafnarfjarðarbær rekur skolphreinsistöð við Hraunavík. Niðurstöður reglubundinna örverumælinga eru birtar jafnóðum á vef heilbrigðiseftirlits.

[http://www.heilbrigðiseftirlit.is/Innihald\\_heimasida/Umhverfi/Strendur/Strendur.htm](http://www.heilbrigðiseftirlit.is/Innihald_heimasida/Umhverfi/Strendur/Strendur.htm)

##### 4.3.1. Hafnarfjörður

Gæði strandsjávar í Hafnarfirði er nokkuð góð. Þó mælist nokkur mengun í fjöru við dælustöðvarnar og er nauðsynlegt að vakta þau svæði.

##### 4.3.2. Garðabær

Í Garðabæ er strandsjórinn nokkuð hreinn. Fráveitulögn sem m.a. leiðir yfirborðsvatn frá iðnaðarhverfinu í Molduhrauni og út í Arnarnesvog. Mælingar sýna vaxandi gerlamengun sem veldur áhyggjum. Þá eru í vestasta hluta Garðabæjar (Álftanesi) rotprær með afrennsli í sjó. Þar mælist nokkur mengun. Þörf er úrbóta.

##### 4.3.3. Kópavogur

Ástand strandsjávar í Kópavogi er að mestu leyti gott. Ástandið hefur batnað síðusta ár og lítil mengun mældist í sumar og haust.

## 5. Mengun í fráveitu

Þann 27. janúar 2015 uppgötvaðist talsvert flæði sterkra leysiefna eða bensíns í hluta af fráveitukerfi Kópavogs. Farið var fram á við fjölda rekstraraðila við lögnina að kannaðar yrðu áfyllingar, mengunarvarnabúnaður og birgðamat framkvæmt. Jafnframt skoðuðu starfsmenn Kópavogsbæjar í fjölda fráveitubrunna. Ekki var hægt að staðfesta uppruna mengunarinnar.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„ Heilbrigðisnefnd telur þetta atvik alvarlegt mengunarslys og óskar eftir aðkomu Umhverfisstofnunar að málinu sbr. ákvæði 29. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.“

## 6. Orkuveita Reykjavíkur, umhverfisskýrsla

Greint frá drögum að umhverfisskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur sem kynnt hefur verið heilbrigðisfulltrúm á veitusvæði fyrirtækisins.

## 7. Önnur mál

### 7.1. Loftgæðamælingar í Lækjarbotnum

Lagður fram tölvupóstur Orkuveitu Reykjavíkur dags. 17. febrúar 2015 þar sem tilkynnt er um að loftgæðamælingar séu hafnar við skólamannvirkin í Lækjarbotnum.

### 7.2. Lagafrumvörp

#### 7.2.1. Frumvarp til laga um stjórn vatnamála

Með tölvupósti dags. 9. febrúar 2015 óskar Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis umsagnar frumvarp til laga um stjórn vatnamála (gjaldtaka fyrir vatnsþjónustu, EES-reglur), 511. mál.

#### 7.2.2. Frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum

Með tölvupósti dag. 10. febrúar 2015 óskar Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis umsagnar frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum (heildarlög, strangari reglur), 512. mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45

Bryndís Skúladóttir

Fjólnir Sæmundsson

Hörður Svavarsson

Jón Haukur Ingvason

Jón Bjarni Þorsteinsson

Svava H. Guðmundsdóttir